

Ed.

58. Tillaga

til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson, Pétur Magnússon, Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 15 kr. og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1935.

Greinargerð.

Þeir útvarpsnotendur, sem ekki hafa rafmagnsleiðslur í hús sín, verða að kaupa rafhlöður og rafgeyma dýru verði og ennfremur mánaðarlega hleðslu geymanna. Viða er því þannig farið i sveitum landsins, að útvarpsnotendur verða að flytja rafgeyma sína langar leiðir til og frá hleðslustöðum. Verður því aðstaða útvarpsnotenda mjög misjöfn, enda þótt straumtæki séu lítið eitt dýrari hlutfallslega, og dregur þingsályktun þessi — nái hún fram að ganga — töluvert úr þeim mikla aðstöðumun notenda.

Tala útvarpsnotenda er nú orðin meira en hálf tunda þúsund og tekjur útvarpsins ættu að verða næsta ár miklu meiri en gjöld þess. Virðist því vera tímabært að bera fram ályktun þessa, enda er aðaltilgangurinn sá, að útvarpið verði fræðslustofnun fyrir almenning, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Er oss nú vitanlegt um ýmsa bændur, er hafa hug á að fá sér viðtæki, en treystast ekki til þess að greiða árlega 30 króna gjald af því.